

Það verður því að neita um framgang hinnar nmbeðnu gjörðar.

Mánudaginn 12. maí 1930.

Nr. 17/1930. **Réttvisin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
 gegn

Georg Grimssyni (Magnús Guðmundsson).

Brot g. 9. gr. l. nr. 51, 1928.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. febr. 1930:
 Ákærður, Georg Grimsson, sæti fangelsi við venjulegt fanga-
 viðurværi í 1 ár.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýj-
 aða aukaréttardómi, ber að staðfesta hann, þó með
 þeirri breytingu, að refsing ákærða þykir hæfilega
 metin 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviður-
 væri.

Ákærða ber að greiða llan áfrýjunarkostnað máls-
 ins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verj-
 anda í hæstarétti, er ákveðast 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Georg Grimsson, sæti 5 mánaða fangelsi
 við venjulegt fangaviðurværi. Svo greiði hann all-
 an kostnað málsins bæði í héraði og hæstarétti,
 þar með talin málflutningslaun sækjanda og verj-
 anda í hæstarétti, málflutningsmannanna Stefáns

Jóh. Stefánssonar og Magnúsar Guðmundssonar,
50 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að
lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Georg Grims-syni, Vesturgötu 59, fyrir brot á ákvæðum laga nr. 51 frá 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, og eru þeir sann-aðir með eigin játningu ákærðs, er kemur heim við það, sem á annan hátt er sannað í málinu.

Ákærður er þurfalingur Reykjavíkurbæjar og skuldar bæn-um fátækrastrýk kr. 2801,77. Fátækrastrjórn bæjarins hefir leit-azt við að halda honum að vinnu við grjótnám bæjarins, þar eð hann hefir legið í iðjuleysi heima hjá föður sínum og stjúp-móður, og lifað af styrk þeim, sem þau fá til framfærslu sinn-ar úr fátækrastrjóði. En ógjörningur hefir verið að fá hann til að stunda vinnuna að staðaldri, þótt fátækrastrjórnin og lög-reglustjórnin hafi reynt að halda honum að henni og flutt hann til vinnunnar hvað eftir annað. Í desember síðastl. vann ákærður aðeins 48 kl.tíma, og fyrstu 15 dagana af janúar að-eins einn dag. Hann hefir borið því við, við verkstjóra sinn, að hann hafi verið veikur, þegar hann hefir ekki komið til vinnunnar, en fátækrastrjórnin hefir látið læknir skoða hann á þeim tíma og hann ekkert fundið að ákærðum, og verkstjóri hans hefir sagt, að ekki hafi verið hægt að sjá veikindi á honum þá daga, sem hann hefir verið við vinnuna, því þá hafi hann verið duglegur og ekki kennt sér neins meins. Ákærð-ur hefir játað, að hann hafi að undanfögnu drukkið sig ölvað-ann einu sinni í viku af suðuspiritus fyrir peninga, er hann hefir fengið hjá foreldrum sínum, og segist hann verða veik-ur eftir þennan drykkjuskap. Héraðslæknirinn hér í Reykjavík hefir skoðað ákærðan, en ekki fundið að honum neinn sjúk-dóm, er gjörði hann ófæran til vinnu, en segir að kvartanir þær, er ákærður hafi fram að færa, stafi sennilega af ofnautn tóbaks og alkohols.

Ákærður hefir verið dæmdur í 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn ákvæðum 9. gr. laga nr. 51 frá 1928 með dómi uppkveðnum í lögreglurétti Reykjavíkur 27. júlí 1929.

Með þessu framferði sínu hefir ákærður, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. október 1900, brotið gegn 9. gr. laga nr. 51 frá 1928, og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið, með tilliti til þess, að ákærður er nú dæmdur í annað sinn fyrir slíkt framferði, hæfilega ákveðin, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 1 ár.

Svo greiði ákærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 14. maí 1930.

Nr. 130/1927

Jón Einarsson (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Bryngeiri Torfasyni (Enginn).

Ómerkingardómur.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 3. dezbr. f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 16. nóv. s. á., en þar sem stefndi mætti eigi við fyrirtekt málsins hér í réttinum, hefir það verið rekið skriflega, samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Mál þetta var rekið sem aðalsök og gagnsök í undirrétti. Þegar aðalmálið var þingfest í gestaréttinum á skrifstofu bæjarfógetans í Vestmannaeyjum 31. okt. 1928, mætti aðalsækjandi, Jón Einarsson útgjörðarmaður í Vestmannaeyjum, eigi sjálfur í réttinum, en í hans stað mætti cand. juris. Kr. Þ. Jakobsson, er sækjandi hafði falið flutning málsins, en stefndi, Bryngeir Torfason, mætti